

AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur verið ákveðið, að eftirtalinn vegkaflí á Seyðisfirði skuli talinn aðalbraut:

Ránargata öll, frá Fjarðarárbrú að Bræðraborgarlæk.

Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautar eða staðnæmast áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 17. júlí 1965.

Erlendur Björnsson.

18. júní 1965.

Nr. 144.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Reykjavíkur og nágrennis, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 17 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinnna sveitarfélaga, 2 frá hverjum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarneshreppi, Garðahreppi, Bessa-staðahreppi, Mosfellshreppi og Kjalarneshreppi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög. Nú verður ágreiningur um, hversu viðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvígá þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók; og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem er ósamþykkur ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Nefndin lætur á uppdrætti auðkenna þann hluta svæðisins, sem hún telur rétt að fjallað skuli um; einnig skal sérstaklega auðkenna þann hluta af óskipulögðu svæði, sem hún telur að ekki skuli skipulagður að svo stöddu.